

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/321/EB frá 2. maí 2007 sem leysir Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum við markaðssetningu grænmetisfræs samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 76. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/886/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í III. kafla I. viðauka við samninginn:

„77. **32007 D 0321:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/321/EB frá 2. maí 2007 sem leysir Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum við markaðssetningu grænmetisfræs samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB (Stjtið. ESB L 119, 9.5.2007, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/321/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 119, 9.5.2007, bls. 48.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.